

Umhverfisstofnun  
Bjarni Pálsson  
deildarstjóri lífríkis og veiðistjórnunar  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. apríl 2012  
2012040021/42-4-1  
KHS, OKN, TB  
jgo/tb

### Leyfi til að mynda fálka og erni, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 25. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Daníels Bergmanns um leyfi til að mynda fálka og erni árið 2012.

Náttúrufræðistofnun telur ástæður umsækjenda fyrir framangreindri umsókn vera málefnalegar og telur stofnunin ekki ástæðu til að leggjast gegn því að leyfi til myndatöku verð veitt með þeim hætti sem kemur fram í drögum að leyfi í innsendu erindi. Umsækjandi er vel kunnugur þeim lögum sem gilda um friðaðar fuglategundir og náttúruvernd og hefur langa reynslu á þessu sviði m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

